

Borgarráð

### **Svar við fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks varðandi Hörpu**

Á fundi borgarstjórnar 4. september 2012 lagði borgarfulltrúi Kjartan Magnússon fram eftirfarandi fyrirspurn:

1. Hver er heildarbyggingarkostnaður við Hörpu og tengd mannvirki á núverandi verðlagi? Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum um áfallinn kostnað, s.s. vegna lóðakaupa, jarðvinnu, sjófyllingar, byggingar, glerhjúps, gatnatenginga, torggerðar, lóðafrágangs, bílastæðahúss o.s.frv. Þá er óskað eftir yfirliti yfir þær framkvæmdir, sem eftir eru eða standa yfir og kostnaðaráætlanir vegna þeirra.
2. Hver er afstaða borgarstjóra til þeirrar ákvörðunar stjórnar Austurhafnar – TR að neita þrúfallega óskum kjörins borgarfulltrúa um aðgang að úttekt KPMG frá 31. maí sl. um rekstur Hörpu? Kom borgarstjóri eða staðgengill hans með einhverjum hætti að umræddri ákvörðun stjórnar Austurhafnar – TR, t.d. með samráði við fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn fyrirtækisins eða var umrædd ákvörðun borin undir hann með einhverjum hætti áður en hún varð opinber?
3. Borgarráð Reykjavíkur lagði á það sérstaka áherslu í sameiginlegri bókun 3. nóvember 2011, að „strax“ yrði farið í einföldun á stjórnarfyriřkomulagi þeirra félaga, sem koma að rekstri Hörpu. Með hvaða hætti hefur umræddum tilmælum borgarráðs verið framfylgt, nú þegar rúmır tíu mánuðir eru liðnir frá samþykkt hennar?
4. Í sömu bókun borgarráðs var óskað eftir því að sérstök úttekt yrði gerð á rekstri Hörpu til að skýr staða lægi fyrir og hægt yrði að meta hvernig verkefnið hefði farið af stað. Jafnframt var óskað eftir því að ekki yrði farið í frekari framkvæmdir við húsið, sem ekki leiddu af sér tryggar viðbótartekjur meðan á úttektinni stæði. a) Af hverju liðu rúmır fimm mánuðir frá því að umrædd tilmæli komu fram í borgarráði þar til vinna hófst við umrædda skýrslu? b) Hvaða verksamningar hafa verið undirritaðir vegna vinnu í eða við Hörpu frá 3. nóvember 2011 og um hvaða fjárhæðir er að ræða?
5. Óskað er eftir upplýsingum vegna launa, þóknunar og/eða hlunninda til stjórnarmanna í öllum þeim félögum, sem tengjast rekstri Hörpu frá 15. júní 2010. Hér er átt við stjórn Austurhafnar – TR og öll dótturfélög; Portus, Situs, Totus, Ago, Hospes, Custos og Hring. Sé um fleiri félög að ræða er einnig óskað eftir upplýsingum um þau. Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum um upphæð launa/þóknunar eftir félögum og einstökum stjórnarmönnum. Sé um aðrar greiðslur að ræða til stjórnarmanna í umræddum félögum, er óskað eftir upplýsingum um þær .“

Svör við fyrirspurninni:

1.

Heildarkostnaður: Í áætlunum sem gerðar voru við yfirtöku verkefnisins var áætlað að kostnaður við að ljúka Hörpu, að meðtöldum fjármagnskostnaði á byggingartíma, yrði um 14.500 millj. kr. miðað við verðlag í október 2008 eða um 16.700 millj. kr. á núverandi verðlagi sé miðað við hækkun neysluverðsvísitölu. Ákveðið var að á byggingartíma yrði verkefnið fjármagnað með sambankaláni sem síðar yrði endurfjármagnað með langtímafjármögnun. Vextir sambankalánsins miðast við 1, 2, 3 og 6 mánaða REIBOR-vexti með að meðaltali um 115 bp álagi. Í síðustu útkomuspá er áætlað að kostnaður við að ljúka Hörpu verði um 17.500 millj. kr. Kostnaður yrði þá um 800 millj. kr. hærrí en upphafleg áætlun þegar tillit hefur verið tekið til verðlagsbreytinga samkvæmt neysluverðsvísitölu. Það er fyrst og fremst óhagstæðari gengisþróun sem þessu hefur valdið. Þegar útkomuspá var sett fram í febrúar sl var fyrirvari gerður um óútkljáð ágreiningsmál við aðalverktakann ÍAV sem einkum snérist um verðbótaþáttinn. Nú liggur fyrir niðurstaða í því máli sem felur í sér að kostnaðarmatið hækkar um 69 mkr.

Lóðakaup: Harpa stendur á einum af sex aðalbyggingarreitum lóðarinnar Austurbakka 2. Greiðslur fyrir byggingarrétt og gatnagerðargjöld á þeim reit voru 750 mkr miðað við núverandi verðlag. Greiðsla fyrir aðra byggingarreiti var 3.150 mkr á núverandi verðlagi og átti sér stað fyrir hrún.

Frágangur lóðar: Áætlað er að frágangur lóðarinnar sem nú er unnið að muni kosta 245 mkr. Reykjavíkurborg tekur þátt í þeim kostnaði samkvæmt samningum þar að lútandi og gatnagerð utan lóðar er á vegum Reykjavíkurborgar.

Kostnaður tengdur öðrum byggingarreitum: Í útkomuspám er gert ráð fyrir heildarkostnaði 17.700 til 17.800 mkr en þá er meðtalið kostnaður, um 300 mkr. sem tengist öðrum byggingarreitum (Situs) sem verða seldir.

Framkvæmdir sem eftir eru: Áður hefur komið fram að Austurhöfn hefur áætlað að kostnaður við frágang á ófrágengnum rýmum geti numið um 130 mkr. Hönnun innréttinga hefur ekki farið fram og er talan því byggð á fermetra verði. Á vegum Hörpu er verið skoðað hagkvæmni þess að taka rýmin á 6 og 7 hæð í notkun og innrétta sömuleiðis rými á 3 og 4 hæð. Forsenda þess er að framkvæmdir verði arðbær en engar ákvarðanir liggja fyrir í þessum efnum.

Bílastæðahús: Kostnaður við bílahús er áætlaður 2.917 mkr. Þar af er hlutdeild Hörpu (Totusar) 2.284 mkr en Situs og Bílastæðasjóður eiga einnig stæði í húsinu. Hlutdeild Hörpu (Totusar) í bílahúsi er innifalinn í þeim heildarkostnaði sem nefndur var hér að ofan.

Glerhjúpur: Heildarkostnaður við glerhjúpinn var umtalsverður. Kostnaður við stálvirki og gler í hjúpnum er eins og hér segir:

Verksamningur við Lingyun 12.541.910 evrur

Litað gler frá Scholl glas 1.375.320 evrur

Innlendur kostnaður, samningsupphæð 603 mkr.

Áfallin aukaverk 33 mkr

Samningur við Lingyun er „design and build“-samningur þannig að Lingyun var ábyrgt fyrir deilihönnun verksins, framleiðslu og uppsetningu glervirkisins. Innri skipting kostnaðar hjá Lingyun er því ekki þekkt enda um heildarsamning að ræða og ekki gerð krafa um að Lingyun skili af sér sundurliðun kostnaðarliða. Kostnaður af deilihönnun er því ekki fyrirliggjandi. Frumhönnun hjúpsins var hluti af heildarhönnun arkitekta og verkfræðinga byggingarinnar samkvæmt samningi og er sá kostnaður ekki brotinn niður í kostnað vegna einstakra verkhluta byggingarinnar. Ef miðað er við

núverandi gengi evru er framangreindur heildarkostnaður 2.874 mkr. Rétt er að geta þess að greiðslur hafa verið á breytilegu gengi. Þá er rétt að minna á að glerhjúpurinn er hið eiginlega ytra byrði alls hússins og hluti af burðarvirki þess þar sem hlutar þaks hvíla á útveggjum.

2.

Borgarstjóri eða staðgengill hans hafa ekki gefið stjórnarmönnum Austurhafnar-TR fyrirmæli um að veita ekki borgarfulltrúanum aðgang að umræddum gögnum. Borgarstjóri hefur síðan þá fengið að sjá afrit af svari stjórnarformanns Austurhafnar við beiðni borgarfulltrúans og gerir ekki athugasemd við þau svör. Rök stjórnar Austurhafnar-TR voru þau að um vinnugögn stjórnarinnar væri að ræða sem væru ætluð til að hjálpa stjórn Portusar við vinnu fyrirtækisins að 5 ára áætlun. Stjórn Austurhafnar fól KPMG eigi að síður að kynna gögnin fyrir borgarráði og borgarfulltrúum sem þess óskuðu, m.a. fyrirsprjanda. Nú hafa stjórnendur Portusar lagt fram fimm ára áætlun samstæðu Portusar og er þá ekki lengur þörf á trúnaði um áðurnefnd vinnugögn stjórnar Austurhafnar. Úttekt KPMG verður því gerð öllum aðgengileg.

3.

Eigendur sendu erindi til stjórnar Austurhafnar í kjölfar umræddrar bókunar þar sem óskað var eftir að vinna yrði hafin við áðurnefnda einföldun. Sú vinna fór af stað og stjórn Austurhafnar –TR hefur kynnt eigendum hugmyndir sínar um þetta efni. Í framhaldinu hefur vinnan færst yfir á hendi stjórnar Portusar en jafnframt var borgarritara ásamt ráðuneytisstjórum Mennta- og menningarmálaráðuneytis, Fjármálaráðuneytis og Utanríkisráðuneytis falið að koma með tillögu að breyttri félagaskipan. Sú vinna er á lokametrunum en þegar er búið að leggja niður tvö dótturfyrirtæki Situsar.

4.

Það tók eigendur lengri tíma en æskilegt hefði verið að koma vinnu við úttektina af stað. Þessari vinnu lauk í lok maí og í kjölfarið hefur góð vinna við langtímaáætlun og samrunaáætlun farið fram og er skv. mínum upplýsingum á lokametrunum.

Engir nýir verksamningar hafa verið gerðir vegna Hörpu frá 3. nóvember 2011.

5.

Starfskjör stjórnarmanna í dótturfélögum Austurhafnar og dótturfélögum þeirra: Greiðsla til formanns stjórnar í 5 félögum (Eignarhaldsfélaginu Portusi ehf., Totusi ehf., Situsi ehf., Hospes ehf. og Custos ehf.) sem einnig er stjórnarmaður í Rekstrarfélaginu Ago ehf. miðast við að um 70% starfshlutfall sé að ræða og nemur heildargreiðsla fyrir stjórnarfor-mennsku og stjórnarsetu í umræddum félögum samtals 630.000 kr. á mánuði. Greiða skal stjórnar-formanni 63.000 kr. á mánuði í séreignasjóð. Þá skal greiða sérstaka desemberuppbót í samræmi við samninga VR og gildir það frá og með desember 2010. Greiðsla til formanns í Rekstrarfélaginu Ago ehf. sem jafnframt er stjórnarmaður í Eignarhaldsfélaginu Portusi ehf. miðast við að um fullt starf sé að ræða og verði samtals mánaðarlega 790.000 kr. auk 79.000 kr mánaðargreiðslu í séreignasjóð og 49.000 kr. í bílastyrk á mánuði. Starfskjör stjórnarformanns Ago taka mið af kjarasamningum VR um annað en beinar launahækkningar. Vegna vinnuálags í tengslum við opnun Hörpu verður starfandi stjórnarformönnum greiddur 20% kaupauki fyrir maí mánuð 2011. Greiðsla til stjórnarmanna sem sitja í stjórnnum Eignarhaldsfélagsins Portusar

ehf., Eignarhaldsfélagsins Sítusar ehf. og dótturfélaga þeirra verði 100.000 kr mánaðarlega. Þá er lagt til að heimilt sé að greiða almennum stjórnarmönnum aukalega fyrir sérstaka vinnufundi eða fundi starfsnefndum sem fá sérstök verkefni kr. 26.000 á hvern fund. Varamenn í stjórn Eignarhaldsfélagsins Portusar ehf. fái greitt kr. 23.000 á hvern fund sem þeir sitja. Stjórnarmenn eru ekki þátttakendur í kaupréttar- eða lífeyrisréttaráætlunum. Ofangreindar reglur gilda einnig um dótturfélagið Stæði, sem er í 77% eigu Totusar, 19% eigu Bílastæðasjóðs og 4% eigu Sítusar. Félagið heldur utan um bílastæðahúsið í Hörpu.

Skipan þessara stjórna Portusar og dótturfélaga og Sítusar hefur verið óbreytt frá maí 2009 að því undanskildu að Guðrún H. Valdimarsdóttir átti sæti í stjórn Sítusar þangað til í apríl 2010, en Guðlaugur G. Sverrisson tók sæti hennar tímabundið uns Björn Ingi Sveinsson tók sæti í stjórninni í september 2010. Í apríl 2009 var stjórn Portusar til bráðabirgða skipuð stjórnarmönnum úr Austurhöfn-TR, en fyrir það komu ekki greiðslur.

*Stjórn Portusar ehf. nú:*

Pétur J. Eiríksson, stjórnarformaður.

Björn L. Bergsson, meðstjórnandi.

Haraldur Flosi Tryggvason, meðstjórnandi \*)

Svanhildur Konráðsdóttir, meðstjórnandi.

Þórunn Sigurðardóttir, meðstjórnandi.

\*) Haraldur Flosi Tryggvason tók við af Birni Inga Sveinssyni sem meðstjórnandi 14. júlí 2011.

*Stjórn Totusar ehf. skipa nú:*

Pétur J. Eiríksson, stjórnarformaður.

Björn L. Bergsson, meðstjórnandi.

Haraldur Flosi Tryggvason, meðstjórnandi \*)

\*) Haraldur Flosi Tryggvason tók við af Birni Inga Sveinssyni sem meðstjórnandi 14. júlí 2011.

*Stjórn Ago ehf. skipa nú:*

Þórunn Sigurðardóttir, stjórnarformaður.

Pétur J. Eiríksson, meðstjórnandi.

Svanhildur Konráðsdóttir, meðstjórnandi.

*Stjórn Sítusar ehf. skipa nú:*

Pétur J. Eiríksson, stjórnarformaður.

Björn L. Bergsson, meðstjórnandi.

Haraldur Flosi Tryggvason, meðstjórnandi \*)

\*) Haraldur Flosi Tryggvason tók við af Birni Inga Sveinssyni sem meðstjórnandi 14. júlí 2011.

*Stjórn Stæða ehf. skipa nú:*

Björn Ingi Sveinsson, formaður

Halldór Guðmundsson, meðstjórnandi

Kolbrún Jónatansdóttir, meðstjórnandi \*)

\*) Halldór Guðmundsson tók við af Birni Inga Sveinssyni sem meðstjórnandi um miðjan ágúst 2012. Halldór þiggur ekki þóknun fyrir stjórnarstarf.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir greiðslur til einstakra stjórnarmanna umrætt tímabil:

	Samstæða Portus		Samstæða Stus		Stæði		Alls
	maí-des 2011	jan sept 2012	maí-des 2011	jan sept 2012	maí-des 2011	jan sept 2012	
Björn Ingi Sveinsson	270.000		60.000		800.000	900.000	2.030.000
Björn L. Bergsson	720.000	810.000	160.000	160.000			1.850.000
Haraldur Flosi Tryggvason	495.000	810.000	110.000	160.000			1.575.000
Höskuldur Ásgeirsson			442.000	78.000	400.000	375.000	1.295.000
Kolbrún Jónatansdóttir					400.000	450.000	850.000
Pétur J. Eiríksson	4.182.000	4.590.000	984.000	1.164.000			10.920.000
Svanhildur Konráðsdóttir	720.000	810.000	80.000	70.000			1.680.000
Þórunn Sgurðardóttir	6.581.200	6.377.400					13.028.600
<b>Samtals</b>	<b>12.968.200</b>	<b>13.397.400</b>	<b>1.836.000</b>	<b>1.632.000</b>	<b>1.600.000</b>	<b>1.725.000</b>	<b>33.158.600</b>

\*) Auk stjórnarlauna fékk Björn L. Bergsson greiðslur 2011 og 2012 vegna vinnu sinnar fyrir Portus og Stus sem ekki eru meðtaldir hér

Þóknarir stjórnarmanna Austurhafnar voru fram að aðalfundi 2. júlí 2009 föst greiðsla á mánuði, 64.000 kr. fyrir almennan stjórnarmann og 128.000 kr. fyrir formann stjórnar. Frá aðalfundi 2009 hafa stjórnargreiðslur verið óbreyttar eða 57.000 kr. á mánuði fyrir almennan stjórnarmann og 114.000 kr. á mánuði fyrir formann stjórnar. Fyrsta desember 2009 hóf þáverandi stjórnar-formaður, Stefán P Eggertsson, störf hjá Austurhöfn og eru stjórnarlaun felld inn í starfslaun hans frá þeim tíma. Varamenn fá greitt fyrir setinn fund.

*Stjórn Austurhafnar skipa nú:*

*Kristbjörg Stephensen, formaður \*)*

*Birgir Björn Sigurjónsson, meðstjórnandi*

*Gísli Magnússon, meðstjórnandi*

*Kjartan Ólafsson, meðstjórnandi*

*Pétur Ásgeirsson, meðstjórnandi*

*Þórhallur Arason, meðstjórnandi*

*\*) Stefán P Eggertsson gegndi stjórnarformennsku en lét af henni af persónulegum ástæðum í lok ágúst 2012 og þá tók Kristbjörg Stephensen við formennsku til næsta aðalfundar.*

Meðfylgjandi yfirlit sýnir greiðslur til einstakra stjórnarmanna umrætt tímabil:

	Austurhöfn - TR		Alls
	maí-des 2011	jan sept 2012	
Stefán P Eggertsson	912.000	1.026.000	1.938.000
Birgir Björn Sigurjónsson	456.000	513.000	969.000
Gísli Magnússon	456.000	513.000	969.000
Hafsteinn Hafsteinsson *)	92.000	92.000	184.000
Kjartan Ólafsson	456.000	513.000	969.000
Kristbjörg Stephensen	456.000	513.000	969.000
Pétur Ásgeirsson	456.000	513.000	969.000
Þórhallur Arason	456.000	513.000	969.000
<b>Samtals</b>	<b>3.740.000</b>	<b>4.196.000</b>	<b>7.936.000</b>

\*) Hér varamaður

Jón Gnarr

